

***Innflutningur bifreiðar**

***Tollverð**

Úrskurður nr. 2/2000.

Í máli þessu er ágreiningur um tollverð bifreiðar sem keypt var skemmd í Þýskalandi. Tollstjóri ákvarðar tollverð skv. 20.-21. gr. reglugerðar nr. 374/1995. Kærandi gerir kröfu um að reikningur fyrir kaupnum verði lagður til grundvallar útreikningi tollverðs.

Ríkistollanefnd staðfestir kröfu kæranda.

Lög nr. 55/1987. 8. gr., 10. gr., 100. gr., 101. gr. Reglugerð 374/1995 2.-3. gr., 7.-8. gr., 10.-15. gr. og 17.-21. gr.

Með bréfi, dags. 23. mars 2000 sem barst nefndinni þann 24. s.m. kærir Þ fyrir hönd K úrskurð tollstjóra, nr. 1/2000 dags. 25. janúar s.l. Í hinum kærða úrskurði er reikningsverði hafnað við tollafgreiðslu bifreiðar af gerðinni Nissan Patrol, fastanúmer M, árgerð 1994. Þá er aukavél sem var í farangursgeymslu bifreiðarinnar tekin til tolls skv. reikningi sem fannst við hlið vélarinnar í bifreiðinni. Kærandi gerir kröfu um að innkaupsverð bifreiðarinnar verði lagt til grundvallar við ákvörðun aðflutningsgjalda og heldur því fram að aukavélin hafi verið innifalin í innkaupsverði bifreiðarinnar. Sendingarnúmer bifreiðarinnar er S HEG 18 08 9 DE BRV W036.

Í kærinni og í gögnum málsins kemur fram að hið lága innkaupsverð nefndrar bifreiðar helgist af bágu ástandi hennar. Nefnt er að innréttung hennar sé nánast ónýtt. Ennfremur er lagt fram ljósrit af faxi frá seljanda bifreiðarinnar um að aukavélin hafi verið greidd af seljanda og verið innifalin í innkaupsverði bifreiðarinnar. Jafnframt fylgir kærinni yfirlýsing frá löggiltum bifvélavirkja sem staðfestir að hafa framkvæmt vélskipti á bifreiðinni og vélin sem var í bifreiðinni hafi verið ónýtt. Þá kemur fram í gögnum tollstjóra að kærandi hafi mótmælt því að miðað sé við verð nýrrar bifreiðar hjá innflutningsaðila, sbr. 1. mgr. 15. gr. rgl. nr. 374/1995, þar sem svo mikill munur sé á nýrri og eldri gerð bifreiðar þeirrar sem hér um ræðir, að hæpið sé að fullyrða að um sömu undirtegund sé að ræða.

Í hinum kærða úrskurði tollstjórans í Reykjavík kemur m.a. fram að uppgafið verðmæti bifreiðarinnar sé skv. aðflutningsskýrslu og framlögðum reikningi DEM 11.000-, án virðisaukaskatts. Bifreiðin var skoðuð af tollstarfsmönnum og kom í ljós að vél hennar reyndist biluð, rúða í afturhlera brotin, rúða í bílstjórarahurð biluð og kílómetrateljari sýndi að bifreiðinni hafði verið ekið 210.700 km. Að öðru leyti og að teknu tilliti til aldurs er bifreiðin í ágætu ástandi. Þá segir að við hlið aukavélarinnar hafi fundist reikningur fyrir notaðri vél að upphæð DEM 4.092,24-. Þá segir orðrétt: "Þegar miðað er við verðmæti bifreiðarinnar samkvæmt aðflutningsskýrslu og reikningi seljanda, þ.e. DEM 11.000-, við verðsamanburð skv. 17. gr. reglugerðar nr. 374/1995, þá er munurinn á reikningsverði og viðmiðunarverði skv. DAT Marktspiegel DEM 12.290-, eða um 53%. Embættið telur að hvorki vélarbilun og rúðuskemmdir né aðrar fram komnar skýringar innflytjanda á lágu verði bifreiðarinnar skýri hið umtalsverða frávik á milli reikningsverðs og viðmiðunarverðs skv. DAT Marktspiegel en að mati embættisins liggur fyrir skv. vörureikningi að verðmæti aukavélar sem kom með bifreiðinni sé DEM 4.092,24-, en eins og fram hefur komið nemur munurinn á reikningsverði bifreiðarinnar og viðmiðunarverði skv. Dat Marktspiegel DEM 12.290-. Verður því framlagður vörureikningur vegna bifreiðarinnar ekki lagður til grundvallar tollverðsákvörðun, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 374/1995. Ekki reyndist unnt að ákvarða tollverð umrædds ökutækis á grundvelli 2. eða 10. - 14. gr. reglugerðar nr. 374/1995. Þegar ekki reynist unnt að ákvarða tollverð ökutækis á grundvelli 2. eða 10. - 14. gr., er svo fyrir mælt í 20. gr., sbr. 15. gr. reglugerðarinnar, að tollverð skuli vera viðmiðunarverð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund eins og það er tilgreint í bifreiðaskrá ríkistollstjóra, reiknað út samkvæmt ákvæðum 21. gr. reglugerðarinnar. Verður því ákvæðum 20. og 21. gr. fyrrnefndrar reglugerðar beitt um tollverð og tollverðsákvörðun. Jafnframt vill embættið taka fram, þar sem fyrir liggur að vél bifreiðarinnar hafi verið biluð, þá er hvorki í tollalögum né í ákvæðum V. kafla reglugerðar nr. 374/1995 gert ráð fyrir lækkun á reiknuðu verði samkvæmt reiknireglu 21. gr. reglugerðar 374/1995."

Hvað varðar þá athugasemd kæranda að ekki sé rökrétt að miða við verð nýrrar bifreiðar hjá innflutningsaðila, segir tollstjóri að í fyrrnefndri reglugerð sé ekkert sem mæli fyrir um að reiknireglu 20. gr., sbr. 21. gr. taki ekki til eldri árgerða bifreiða þar sem útlitsbreyting hefur orðið á nýrri árgerðum. Þvert á móti taki hún til tollverðs allra bifreiða þar sem viðskiptaverð verður af einhverjum ástæðum ekki lagt til grundvallar og ekki hefur verið unnt að beita samanburðarreglum 10. - 14. gr. reglugerðar við tollverðsákvörðun. Verð nýrrar bifreiðar sem er sambærileg þeirri sem hér um ræðir sé hjá umboðsaðila kr. 3.550.000-. Að lokum segir að ekkert bendi til þess að aukavélin hafi verið innifalin í verði samkvæmt framlögðum reikningi bifreiðarinnar DEM 11.000. Hins vegar hafi fundist í bifreiðinni reikningur fyrir verðmæti hennar að fjárhæð DEM 4.092,24-. Með hliðsjón af ofanskráðu kveður tollstjóri upp svofelldan úrskurð:

Með vísan til þess sem að framan er rakið og á grundvelli reiknireglu 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995, úrskurðar embættið skv. 100. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, að tollverð bifreiðarinnar Nissan Patrol (Y60) árgerð 1994, með fast skráningarnúmer M skuli vera kr. 802.355,00-. Auk þess skal aukavél sem var í bifreiðinni tollafgreiddast á grundvelli fyrirbyggjandi reiknings, m.v. fob-verð DEM 4.092,24-.

Ríkistollstjóra var send kæra til umsagnar með bréfi þann 28. mars. s.l. Í svari sem barst ríkistollanefnd 12. apríl árið 2000. segir m.a.: "Ríkistollstjóri er sammála tollstjóra um niðurstöðu úrskurðarins, bæði hvað varðar að tollverð bifreiðarinnar skuli ákvarðað samkvæmt 20., sbr. 21. gr. tollverðsreglugerðar nr. 374/1995, og að vélin í farangursrýminu skuli tollafgreidd

sérstaklega og samkvæmt þeim reikningi, sem fannst í bifreiðinni. Í báðum tilvikum er vísað til forsendna tollstjóra. Ný gögn, sem fylgdu kæru til ríkistollanefndar, breyta engu um það mat embættisins að staðhæfing innflytjanda um kaupverð bifreiðarinnar sé ótrúverðugt.”

Þá segir að enginn reikningur hafi verið lagður fram. Meðal framlagðra gagna var skjal með yfirskriftinni *Kaufantrag*, sem virðist vera kauptilboð eða einhvers konar samningsgildi. Ríkistollstjóri telur það ekki auka á trúverðugleika þessa skjals, hvernig þýskan sé stafsett. Þá sé þess að geta, að ekkert komi þar fram um aukavélina, sem ætla mætti að hefði verið raunin ef hún hefði fylgt með í kaupunum. Með þessari athugasemd, og með vísan í forsendur hins kærða úrskurðar, krefst ríkistollstjóri þess að hann verði staðfestur.

Umbjóðanda kæranda var send kröfugerð ríkistollstjóra til umsagnar með ábyrgðarbréfi, dags.13. apríl 2000. Hann tjáði sig ekki um greinargerðina.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og farið yfir gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Í máli þessu er deilt um tollverð á bifreið af gerðinni “Nissan Patrol”, árgerð 1994, fast númer M. Sendingarnúmer er S HEG 18 08 9 DE BRV W036. Innkaupsverð skv. kauptilboði/beiðni frá fyrirtækinu Wohn Traum Meessen 2 22113 Oststeinbek er DEM 11.000,- Þá var aukavél í farangursgeymslu bifreiðarinnar sem kærandi heldur fram að sé innifalin í nefndu innkaupsverði en tollstjóri tekur aukavélina til tolls skv. reikningi sem lá við hlið vélarinnar í farangursgeymslunni. Reikningur þessi var útgefinn á Wohn Traum.

Samkvæmt skoðunargerð tollstjórans kemur fram að bifreiðin er beinskipt, hún er útbúin rafknúnum rúðum, rafmagnslæsingum og geislaspilara. Þá segir í “verkbeiðni með aðflutningsskýrslu vegna vöruskoðunar” að rúða í vinstri framhurð sé annað hvort föst niðri eða brotin, þá sé rúða í afturhlara brotin og bifreiðin sé ógangfær og ökumælir sýni 210.700 km.

Samkvæmt 8. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum er tollverð innfluttrar vöru hið svokallaða viðskiptaverð hennar, þ.e. það verð, sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöruna. Um tollverð og tollverðsákvörðun gildir reglugerð nr. 374/1995, sem sett er skv. heimild í 10. gr. tollalaga. Í 2. gr. reglugerðarinnar er grunnregla 8. gr. tollalaganna ítrekuð, þ.e.a.s. að tollverð vöru sé viðskiptaverð hennar. Í IV. kafla reglugerðarinnar er á hinn bóginn mælt fyrir um hvernig tollverð vöru skuli ákveðið þegar viðskiptaverð verður af einhverjum ástæðum ekki lagt til grundvallar. Meginreglan við þær aðstæður er sú að leggja skuli til grundvallar viðskiptaverð sams konar vöru á sams konar viðskiptastigi, sem seldar eru eða fluttar inn á sama eða svipuðum tíma og varan, sem verið er að virða, sbr. nánar 10. og 14. gr. reglugerðarinnar. Verði tollverð innfluttrar vöru ekki ákvarðað skv. 2. gr. eða 10. - 14. gr. skal það ákvarðað “með rökréttum hætti samkvæmt meginreglum og almennum ákvæðum samnings um framkvæmd VII. gr. Hins almenna samnings um tolla og viðskipti 1994 og á grundvelli upplýsinga hér á land”, sbr. nánar 15. gr. reglugerðarinnar.

Í V. kafla reglugerðarinnar er að finna sérákvæði vegna innflutnings ökutækja. Þar segir m.a. í 20. gr. að við ákvörðun tollverðs skv. 15. gr., þegar ekki reynist unnt að ákvarða tollverð ökutækis á grundvelli 2. eða 10. - 14. gr., skuli tollverð vera viðmiðunarverð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund eins og það er tilgreint í bifreiðaskrá ríkistollstjóra, reiknað út samkvæmt ákvæðum 21. gr. reglugerðarinnar. Samkvæmt henni skal við útreikning tollverðs í þessum tilvikum fyrst áætla líklegt FOB-verð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund með þeim hætti að af útsöluverði ökutækisins skv. bifreiðaskrá ríkistollstjóra, er afreiknaður virðisaukaskattur, álagning seljanda, sem skal áætluð 12%, vörugjald, svo og áætluð fjárhæð gjalda þeirra, sem innifalin eru í tollverði skv. 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar. Þegar líklegt FOB-verð nýs ökutækis hefur verið fundið út skv. framanskráðu skal það fyrnt vegna aldurs hins innflutta ökutækis á nánar tilgreindan hátt.

Tollstjóri telur að skýringar kæranda á því hvers vegna viðskiptaverð bifreiðarinnar er mun lægra en markaðsverð sambærilegra ökutækja í innkaupslandinu séu ekki fullnægjandi. Ákvað hann því að beita 20. gr. reglugerðar um tollverð og tollverðsákvörðun. Í gögnum málsins liggur jafnframt fyrir að hann hafi ekki talið sér fært að beita samanburðarreglum 10. til 14. gr. reglugerðarinnar við tollverðsákvörðunina, þar sem nauðsynleg gögn til staðfestingar á því að um sambærileg ökutæki væri að ræða lágu ekki fyrir og því ekki hægt að tryggja nákvæma og réttmæta niðurstöðu á þessum grundvelli.

Samkvæmt 19. gr. reglugerðar nr. 374/1995 ber ríkistollstjóra að safna saman upplýsingum frá hlutlausum aðilum erlendis um viðmiðunarverð ökutækja í þeim löndum, sem helst má vænta innflutnings frá. Í samræmi við þetta ákvæði hefur ríkistollstjóri lagt tollstjórum til ritið DAT Marktspiegel sem er gefið út af eftirlitsaðilum bifreiðaiðnaðarins í Stuttgart. Upplýsingar þær, sem þar er að finna, hafa ekki verið vefngar af kæranda.

Í DAT Marktspiegel er eftirfarandi athugasemd: “Við mikil frávik frá viðmiðunaraksturstölu gefur þessi tafla mjög ónákvæmt verðmat. Ástand slíkra farartækja getur verið mjög ólíkt meðalástandi. Við mælum með í slíkum tilfellum, sem og fyrir farartæki sem ekki eru skráð hér, að verðgildi farartækisins sé metið hjá DAT-matsmanni.”. Í DAT skránni er gert ráð fyrir að hámarksakstur bifreiðar þessarar gerðar geti orðið allt að 126.000 km. Akstur umræddrar bifreiðar er 210.700 km. Hér er því um veruleg frávik að ræða. Með hliðsjón af ofanrituðu leitaði ríkistollanefnd því til aðalskrifstofu DAT í Stuttgart og fór fram á mat á bifreið sömu gerðar og hér um ræðir m.v. fyrirbyggjandi forsendur um akstur, ástand og búnað, m.a. að skipta þyrfti um vél bifreiðarinnar.

Niðurstöður matsmanns DAT bárust nefndinni með símbrefi þann 6. júní s.l. og kemst hann að þeirri niðurstöðu að verð bifreiðar þessarar gerðar, miðað við ástand og akstur sé DEM 5.924.-

Reikningur sá sem var við hlið aukavélar í farangursgeymslu bifreiðarinnar, sem er útgefinn af Misselwitz og stílaður á Wohn Traum seljanda bifreiðarinnar, er að upphæð DEM 4.092,48-. Lögmaður kæranda heldur því fram að þessi vél sé innifalin í innkaupsverði bifreiðarinnar og er það staðfest af seljanda hennar með faxbréfi.

Þegar heildarreikningsverðið DEM 11.000.- er skoðað, með hliðsjón af fyrirbyggjandi mati frá matsmanni DAT DEM 5.924.- að viðbættu verði vélar DEM 4092,48, telur ríkistollanefnd ekki óvarlegt að leggja fjárhæð DEM 11.000.- til grundvallar útreikningi tollverðs á bifreið og vél. Samkvæmt framanrituðu kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð:

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum úrskurðar ríkistollanefnd að við útreikning tollverðs á sendingu S HEG 18 08 9 DE BRV W036. skuli kauptilboð/beiðni að upphæð DEM 11.000,00- lögð til grundvallar útreikningi

tollverðs.